



Námsgrein / Heildstætt verkefni: Hrafnkels saga Freysgoða

Tímabil: Haustið 2024

Námsmarkmið sem unnið verður með: Unnið er út frá Íslendingasögunni Hrafnkels sögu Freysgoða. Verkefnið er heildstætt en þær námsgreinar sem liggja til grundvallar eru íslenska, danska, samfélagsfræði, lífsleikni og sköpun.

Markmið verkefnisins er að nemendur kynnist þessu tímabili Íslandssögunnar, 10. Öld, ásamt þeim bókmenntaarfi sem Hrafnkels saga Freysgoða gefur okkur. Eftir lestur sögunnar og úrvinnslu eiga nemendur að vera með góða mynd af umhverfi og samfélagsgerð þess tíma ásamt því að þekkja helstu bókmenntahugtök Íslendingasagnanna. Nemendur öðlast skilning á samfélagi fyrir og nú sem þeir geta síðan tengt við reynsluheim sinn.

Viðfangsefni:

Unnið verður með viðfangsefni bókarinnar á fjölbreyttan og skapandi hátt m.a. með ritunum, umræðum, listaverkum og lokaverkefni sem nemendur hafa val um hvernig þeir vinna og skila.

Námsefni/kennslugögn:

Hrafnkels saga Freysgoða, norskir þættir Beforeigners þáttaröð 1, Tak

Námsmat

Símat, kennaramat, lokamat
